

Fréttatilkynning

Ársreikningur Norðurlþings fyrir árið 2008

Ársreikningur Norðurlþings fyrir árið 2008 var lagður fram til kynningar í sveitarstjórn 14. apríl 2008. Seinni umræða sveitarstjórnar fór fram 19. maí og var ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

Ársreikningur Norðurlþings er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga og samanstendur af A-hluta og B-hluta. Í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem eru fjármagnaðar að hluta eða öllu leyti með skatttekjum. Til A-hluta teljast Aðalsjóður, Eignasjóður og Þjónustumiðstöð. Í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem eru fjárhagslega sjálfstæð en rekstur þeirra er að mestu fjármagnaður með þjónustutekjum. Til B-hluta teljast Félagslegar íbúðir, Fráveita, Hafnarsjóður, Vatnsveita, Orkuveita Húsavíkur ehf., Sorpsamlag Þingeyinga ehf. og Fjárfestingafélag Norðurlþings ehf.

Erfitt efnahagsástand og gengisfall íslensku krónunnar setur mark sitt á rekstrarniðurstöðu samstæðu Norðurlþings sem hefur á undanförunum árum lagt í miklar fjárfestingar tengdar stóriðju í héraðinu. Áhrifanna gæti fyrst og fremst í fjármagnsliðum samstæðunnar sem voru neikvæðir um 1.380,1 mkr. á árinu 2008.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Norðurlþings fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 100,2 mkr. samanborið við 116,5 mkr. rekstrarafgang skv. fjárhagsáætlun. Rekstrartekjur voru 2.458,4 mkr. og rekstrargjöld 2.358,2 mkr. en þar af nam reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindinga 114,2 mkr. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar eftir afskriftir og fjármagnsliði var neikvæð um 1.341,8 mkr.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri samstæðunnar 23,4 mkr. og handbært fé frá rekstri 32,6 mkr. Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 113,3 mkr. sem og fjármögnunarahreyfingar sem voru 52,6 mkr. Afborganir langtímalána námu 350,6 mkr. en ný lán voru 270 mkr. Handbært fé samstæðunnar lækkaði um 133,3 mkr. á árinu 2008.

Íbúafjöldi sveitarfélagsins í árslok 2008 var 2998.

Ársreikningurinn í heild sinni verður birtur á heimasíðu Norðurlþings.

Nánari upplýsingar veita Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri, og Guðbjartur Ellert Jónsson fjármálastjóri, í síma 464 6100.

Meðfylgjandi:

Lykiltölur úr ársreikningi Norðurlþings 2008.

Lykiltölur úr ársreikningi Norðurlþings sl. 4 ár.

Ársreikningur Norðurlþings 2008.

Lykiltölur úr ársreikningi Norðurbings 2008

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
	2008	Fjárh.áætl.	2008	Fjárh.áætl.
Rekstrartekjur				
Skatttekjur	974.245	862.000	974.245	862.000
Framlög Jöfnunarsjóðs	595.759	435.783	595.759	435.783
Aðrar tekjur	367.373	336.017	888.349	831.542
	1.937.377	1.633.799	2.458.353	2.129.324
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	1.028.836	981.461	1.139.477	1.092.058
Breyting lífeyrisskuldbindinga	126.887	78.059	114.169	80.643
Annar rekstrarkostnaður	833.460	611.306	1.104.517	840.114
Afskriftir	61.639	61.922	199.953	204.446
	2.050.821	1.732.748	2.558.116	2.217.261
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	(113.444)	(98.949)	(99.763)	(87.937)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(238.754)	(17.167)	(1.380.138)	(244.804)
Reiknaður tekjuskattur	0	0	107.974	0
Hlutdeild minnihluta	0	0	30.132	17.283
Rekstrarniðurstaða	(352.198)	(116.115)	(1.341.795)	(315.458)
	Sveitarsjóður A hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
	2008	2007	2008	2007
Eignir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.311.455	1.321.304	4.483.739	4.555.085
Áhættufjármunir og langtímakröfur	1.191.483	1.181.768	817.437	711.637
Veltufjármunir	817.407	717.142	402.730	516.158
Eignir samtals	3.320.345	3.220.214	5.703.907	5.782.880
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	1.037.103	1.389.301	248.653	1.598.951
Skuldir og skuldbindingar	2.283.242	1.830.913	5.455.254	4.183.929
Eigið fé og skuldir samtals	3.320.345	3.220.214	5.703.907	5.782.880

Allar fjárhæðir í þúsundum króna

Lykiltölur úr ársreikningi Norðurþings síðustu fjögur ár – Sveitarsjóður A-hluti

<i>Í krónum á íbúa</i>	2008	2007	2006	2005
Rekstur				
Skatttekjur	523.684	512.046	397.675	333.937
Aðrar tekjur	122.539	108.454	80.516	92.791
Laun og launat. gjöld	385.498	346.852	264.837	269.818
Annar rekstrarkostnaður	278.005	216.230	183.477	184.422
Afskriftir	20.560	20.994	38.517	15.008
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(79.638)	10.405	11.272	(64.402)
Rekstrarniðurstaða	(117.478)	46.829	2.631	(106.922)
Efnahagur:				
Eignir	1.107.520	1.084.247	933.204	1.000.880
Eigið fé	345.932	467.778	331.494	309.968
Lífeyrisskuldbindingar	326.601	286.958	258.216	284.353
Skuldir án skuldbindinga	434.987	329.512	343.494	406.558
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	25.933	87.423	44.863	11.639
Aðrar lykiltölur:				
Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við langtímaskuldir mælt í árum	12,60	2,59	5,65	25,32
Veltufjárhlutfall	2,52	2,34	2,03	1,50
Eiginfjárhlutfall	31,23%	43,14%	35,52%	30,97%
Útsvarsprósenta	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%
Fasteignaskattsprósenta, A-liður	0,4 til 0,5%	0,4 til 0,5%	0,4 til 0,65%	0,4 til 0,65%
Fasteignaskattsprósenta, B-liður	1,33 til 1,65%	1,33 til 1,65%	1,2 til 1,65%	1,2 til 1,65%
Fasteignaskattsprósenta, C-liður	0,88%	0,88%	0,44%	0,44%
Önnur atriði:				
Íbúafjöldi (Húsavík fyrir 2006):				
Í árslok	2.998	2.970	3.023	2.373
Íbúafjöldi:				
Sveitarfélögin 4 - Norðurþing:	2.998	2.970	3.023	3.031
- breyting frá fyrra ári	0,94%	-1,75%	-0,26%	-2,16%